

Nd.

56. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 62 8. sept. 1931 (Laun embættismanna) o. fl.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Fyrir orðin „til ársloka 1933“ komi: til ársloka 1934.

2. gr.

Ríkisstjórninni er þó heimilt að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins, sem hafa 3000 kr. að árslaunum eða minna, 25% launauppbót til ársloka 1934.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934. Þó taka ákvæði 2. gr. einnig til ársins 1933.

G r e i n a r g e r ð.

Uppbót á launum embættismanna fellur niður um næstu áramót. Verður að teljast óhjákvæmilegt að framlengja hana, þar til gerð hefir verið sjálfsögð og nauðsynleg lagfæring á launakjörum allra embættis- og starfsmanna ríkisins. Þar sem uppbótin er nú orðin mjög lág, þykir og óhjákvæmilegt að ákveða nokkru hærra uppbót til handa hinum lægst launuðu embættis- og starfsmönnum, enda mun ríkisstjórnin hafa greitt þeim 25% uppbót það sem af er yfirstandandi ári.